

Aðalfundur Félags sumarbústaðaeigenda í landi Indriðastaða, 2021

Þriðjudaginn 14. júní 2021 kl. 17.15 var aðalfundur Félags sumarbústaðaeigenda í landi Indriðastaða haldin í veislusalnum Gala við Smiðjuveg. Mættir voru 43 félagsmenn.

Karl Ómar Jónsson, formaður stjórnar félagsins, bauð fundargesti velkomna. Gerði hann að tillögu sinni að Örn H. Magnússon yrði gerður að fundarstjóra. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins.

Bjarni Ásgeirsson, Skálalækjarás 4 var kosinn fundarritari

Dagskrá; Venjuleg aðalfundarstörf.

1. skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins og umræður um hana,
2. endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar og umræður um þá
3. kosning formanns,
4. kosning annarra stjórnarmanna,
5. kosning varamanna,
6. kosning skoðunarmanna reikninga og varamanna þeirra,
7. framlagning rekstrar- og framkvæmdaáætlunar fyrir næsta ár,
8. ákvörðun um árgjald til félagsins,
9. mál sem tiltekin eru í fundarboði,
10. önnur mál.

Fundur settur

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins og umræður um hana

- Karl Ómar flytur skýrslu stjórnar.
- Fjallar um seinkun á síðasta fundi, breytingar á stjórnarmönnum, fer yfir ýmis mál sem komið hafa til kasta stjórnar á árinu.
- Hátíð um verslunarmannahelgina 2020 féll niður vegna aðstæðna í þjóðfélaginu.
- Formaður hefur búið til til miðlæga geymslu (Dropbox) fyrir ýmis gögn sem tilheyra félaginu. Skorar á fyrrum stjórnarmenn að skoða hvort þeir hafi gögn tengd félaginu í fórum sínum og senda honum þau til varðveislu.
- Sagði frá grenndarskrá (símaskrá) sem útbúin hefur verið. Haft var samband við Persónuvernd vegna gerðar skrárinnar og ekki var gerð athugasemd að þeirra hálfu. Prentaðri útgáfu af skránni dreift á fundinum.
- Samskipti hafa verið við forsvarsmenn Dyrholts varðandi möguleika á að ganga í félagið en enginn þrýstingur hefur verið frá þeim að flýta þeirri vinnu.
- Lagður hefur verið grunnur að vinnu við endurskoðun laga félagsins og hefur Örn verið fenginn til að leiða þá vinnu.
- Síðasti vetur var hægstæður varðandi snjómokstur, var hann í lágmarki.
- Fá vandræði hafa verið með hliðin undarfarið. Þó er hliðið fyrir Indriðastaðahlíð komið á tíma og búið er að kaupa nýtt.

- Þurrkar og brunamál hafa verið fólki ofarlega í huga og þarf að taka þau mál mun fastari tökum. Ljóst sé að það þurfi að þrýsta á sveitarfélagið að koma að eldvörnum.
- Gísli Hrízás 24 ræðir brunamál. Bendir á ágæta viðbragðaráætlun við gróðureldum á síðu hreppsins, <https://skorradalur.is/skipulags-og-byggingamal/umhverfismal/vidbragdsaaetlun-um-groduelda-i-skorradal/>
- Bjarni Ingi segir frá æfingu slökkviliðs.
- Helga Lambás 10, spyr um klöppur og heimasíðu. Fundarstjóri bendir á Ólaf Gíslason & co sem söluaðila fyrir klöppur, <https://www.oger.is/is>
- Skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða

2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar og umræður um þá

- Áslaug fer yfir rekstrareikning 2020 sem lagður er fram á fundinum
- Breytt form er á rekstrarreikningi til að aðgreina félagssjóð og hliðsjóð.
- Liðurinn umsjón og rekstur er óvenju lágur þetta árið, helsta ástæðan er að það var engin hátíð haldin um verslunarmannahelgina og starfsemi félagsins hefur almennt verið í lágmarki.
- Félagið stendur vel fjárhagslega, stefnt er að því að eiga alltaf sjóð, t.d. vegna hliðkaupa.
- Engar spurningar eða athugasemdir koma frá fundarmönnum.
- Ársreikningur samþykktur samhljóða.

3. Kosning formanns,

- Karl Ómar Jónsson býður sig fram til áframhaldandi setu sem formaður.
Samþykkt samhljóða

4. Kosning annarra stjórnarmanna

- Núverandi stjórnarmenn, Áslaug Guðjónsdóttir, Þórhildur Garðarsdóttir, Jón Þórólfur Guðmundsson og Bjarni Ingi Björnsson bjóða sig fram til áframhaldandi setu.
Samþykkt samhljóða

5. Kosning varamanna

- Núverandi varamenn, Kristín Þórarinsdóttir og Bjarni Ásgeirsson bjóða sig fram til áframhaldandi setu.
Samþykkt samhljóða

6. Kosning skoðunarmanna reikninga og varamanna þeirra

- Skoðunarmenn reikninga, Hermann Ólason og Sigrún Skúladóttir ásamt varaskoðunarmanni, Erni H. Magnússyni bjóða sig fram til áframhaldandi setu.
Samþykkt samhljóða

7. Framlagning rekstrar- og framkvæmdaáætlunar fyrir næsta ár,

- Rekstra- og framkvæmdaáætlun fyrir næsta starfsár lögð fram og gerir Áslaug gjaldkeri grein fyrir henni.
- Rekstrar- og framkvæmdaáætlunar fyrir næsta ár er samþykkt samhljóða
- Gísli Hrízás 24 spyr um vegaviðhald og göngustíga, bendir á stíg sem gera þurfi lagfæringar á. Áslaug kannast við um hvaða stíg er að ræða og mun taka málið upp í stjórn.

- Þuríður Indriðastaðhlið 174, kvartar yfir ræsi sem er til trafala. Vísað til stjórnar til frekari skoðunar
- Örn talar um að það þurfi að skoða sameiginlega samkomusvæðið með tilliti til endurbóta, stjórn tekur undir með honum að svæðið sé orðið frekar lúíð.

8. ákvörðun um árgjald til félagsins

- Gjaldkeri leggur til að félagsgjald verði óbreytt, 14000kr.
- Gjaldkeri leggur til að hliðgjald verði lækkað úr 11000kr í 8000kr
- Breyting á árgjöldum samþykkt einróma

9. mál sem tiltekin eru í fundarboði

- Grenndarskrá lögð fyrir og samþykkt, rætt um að bæta netföngum við í framtíðinni.

10. önnur mál.

- Tillaga lögð fram af Sigrúnu Skúladóttur liggur fyrir fundinum. Skorað er á Veggerðina á að leggja slitlag á Dragaveg þar sem hann liggur í gegnum sumarhúshverfið.
 - Halldór lóð nr. 4 mótmælir, telur umferð aukast við bundið slitlag og umferð verði hraðari. Leggur frekar til að merkingar t.d. um gangandi vegfarendur verði bættar.
 - Edda Magnúsdóttir lýsir sig sammála tillögunni.
 - Gísli Hrías 24 spyr um hámarkshraða á umræddum vegi, fundarmenn telja að hann sé 80km.
 - Eftir að útskýrð var betur um hvaða vegakafla væri að ræða, dró Halldór mótmæli til baka.
 - Fundarstjóri leggur til breytingar á tillögunni, skilgreint betur að um sé að ræða þann kafla Dragavegar sem liggur í gegnum sumarhúshverfið á Indriðastöðum og að vegamótum Dragavegar og Fellsvegar, auk þess skuli hámarkshraði lækkaður í 50km og settar verði upp merkingar sem vara við gangandi vegfarendum.
 - Breytt tillaga samþykkt samhljóða
- Ábending varðandi ástand í kringum ruslagáma. Örn segist hafa rætt málið við oddvita. Oddviti gaf í skyn að það væri vilji hreppsins að hætta með umrætt gámastæði og bendir á gámasvæði við Indriðastaðahlíð.
- Rætt um trjáafklippur sem losaðar hafa verið á ósasvæðinu
 - Örn hvetur til að fólk hætti að losa á því svæði. Sé sóðalegt og lýti á umhverfinu.
 - Umræður um mögulegan losunarstað.
 - Halldór spyr um kurlaðstöðu. Karl Ómar segir að rætt hafi verið um að safna afklippunum saman á ákveðin stað og fá svo utanaðkomandi aðila til að kurla efnið, félagsmenn gætu svo nýtt sér kurlað. Halldór bendir á aðila sem kurlar fyrir Borgarbyggð.
 - Guðjón Indriðastöðum 52, segir að reynt hafi verið að fá aðila í Borgarnesi til að kurla en kurlarinn hafi verið bilaður. Skógræktin hafi gert tilraun en gefist upp, þar sem erfitt reyndist að kurla efnið vegna lélegra gæða. Guðjón biður fólk að hætta losun á umræddu svæði.
 - Örn segist hafa selt Sigur-görðum sf. í Borgarnesi umræddan kurlara, er sammála um að efnið sé ekki kurlhæft.
 - Örn leggur til að stjórnin sendi erindi á sveitarstjórn og óski eftir samvinnu við að koma málinu í ferli.

- Sigurður Indriðastaðahlíð 162, ræðir um gróðursetningu á öspum, spyr hvort einhverjar reglur séu til um slíkt.
 - Áslaug telur að deiliskipulag fyrir Indriðastaðahlíð leyfi eingöngu sama gróður og er fyrir á svæðinu.
 - Örn telur engar kvaðir vera á gróðursetningu á neðri svæðum. Segir að þetta verði mögulega tekið inn í umræðu um endurskoðun laga félagsins, þarf mögulega að búa til einhverskonar „húsreglur“ á svæðinu. Leggur til að stjórn skipi starfshóp um að vinna að slíkum reglum
- Helga Lambaás 10 spyr um veiði í vatninu og bátaskýli.
 - Áslaug gerir grein fyrir bátaskýlunum, segir þau vera í eigu einkaaðila. Félagið hefur ekkert með veiði að gera.
 - Finnur Lambás 3 segir veiðifélag vera til sem leyfir veiði.
 - Guðjón Indriðastöðum 52 segir veiðiréttinn tilheyra lögbýlunum. Veiðifélag selur veiðileyfi í vatnið. Veiðiréttur fylgdi áður lóðum, breytingar sem hafa verið gerðar á löndum lögbýla hafa ekki breytt veiðirétti. Varðandi bátaskýlin þá segir hann skipulag leyfa fleiri bátaskýli á sama svæði.
- Guðjón Indriðastöðum 52 leggur fram tillögu um að vísað verði til stjórnar að kannaðir verði í fullri alvöru möguleikar á að félagið eignist Indriðastaði. Fer yfir kosti þess að félagið eigi jörðina, vatnmálið leyst og fl.
Tillagan samþykkt samhljóða

Umræðum lokið.

Karl Ómar þakkar fundarmönnum fyrir mætinguna og slítur fundi.